



Erindi þetta er sent með tölvupósti á eftirfarandi aðila:

Landsvirkjun, Samkeppniseftirlitið og þingmenn Norðvesturkjördæmis.

Akranesi, 02.03.2020

2002388 SFP/sas

Efni: Orkukræfur iðnaður - staða fyrirtækja á Grundartanga o.fl.

Bæjarráð Akraness samþykkti svohljóðandi ályktun á fundi sínum þann 27. febrúar sl.

Í ágústmánuði síðasta árs sendu sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar og bæjarstjórn Akraness sameiginlega frá sér áskorun til ríkisstjórnar Íslands um stefnubreytingu í málefnum orkusækings iðnaðar, þar sem vakin var athygli ríkisstjórnarinnar á því að ríkisfyrirtækið Landsvirkjun, hefði í krafti yfirburða stöðu í raforkusölu á stórnotendamarkaði knúð fram mjög miklar hækkanir á raforkuverði til orkusækings iðnaðar sem leitt gæti til verulegs samdráttar í starfsemi stórfyrirtækja á Grundartanga með tilheyrandi fækkun starfa. Þar væri einvörðungu hugsað um að hámarka arðsemi Landsvirkjunar en ekki að horft til heildarhagsmuna þjóðarinnar.

Í kjölfar áskorunarinnar ákvað Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála- iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að láta kanna samkeppnishæfni orkusækings iðnaðar fyrsta sinni á Íslandi og vill bæjarráð þakka ráðherra sérstaklega fyrir það.

Nú hafa fleiri fyrirtæki í orkusæknum iðnaði stigið fram og vakið athygli á þessari stefnu Landsvirkjunar og alvarlegum afleiðingum hennar fyrir rekstur fyrirtækjanna og framtíðarfjárfestingar á Íslandi og lýst því yfir að komið gæti til þess að fyrirtækin hætti starfsemi á Íslandi sem hefði alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnu fjölmargra starfsmanna og íslenskt þjóðarþú. Samtök iðnaðarins hafa einnig vakið athygli á þeirri stöðu sem uppi er.

Forstjóri Landsvirkjunar hefur komið fram í öllum helstu fjölmiðlum landsins og varið stefnu Landsvirkjunar með óvenjumikilli hörku. Bæjarráð harmar að forstjórinn skuli í málflutningi sínum reyna að tortryggja erlent eignarhald orkusækinnna iðnfyrirtækja sem og innri viðskipti þeirra og reyni að mála þá mynd að hagsmunir fyrirtækjanna og hagsmunasamtaka þeirra fari ekki saman með hagsmunum íslensku þjóðarinnar.



Stjórn Landsvirkjunar ber alla ábyrgð á stefnu fyrirtækisins og framgöngu forstjórans og því kallar bæjarráð eftir því að stjórnarmenn Landsvirkjunar, og þá sérstaklega stjórnarformaðurinn, Jónas Þór Guðmundsson, stígi fram úr skugga forstjórans og útskýri fyrir íslensku þjóðinni hvert stjórn Landsvirkjunar sækir umboð sitt til að ganga fram með þessum hætti ásamt því að skýra opinberlega frá því hver stefna Landsvirkjunar er í málefnum orkusækisins iðnaðar og hvernig hún samræmist leiðarljósum fyrirhugaðrar orkustefnu um að;

- hámarka samfélagslegan ávinning af nýtingu orku
- styðja við atvinnustefnu í samspili við lykilatvinnugreinar
- styðja við byggðastefnu og jákvæða byggðapróun til lengri tíma

Einnig kallar bæjarráð eftir aðkomu Samkeppniseftirlitsins til að kanna og meta samkeppnisumhverfi í sölu á raforku til orkusækisins iðnaðar og skýra þær leikreglur sem þar gilda.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri